



Faghópur 3

Fundargerð 15. fundar

Fjarfundur milli Akureyrar og Reykjavíkur, 8. jan. 2010, kl. 13:00

Mætt: Kjartan Ólafsson, Guðmundur Guðmundsson, Hjalti Jóhannesson og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir á Akureyri; Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð í Reykjavík.

Fjarverandi: Daði Már Kristófersson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson

Fundarfrásögn

1. **Samþykkt fundargerðar.** Fundargerð síðasta fundar var ekki afgreidd.
2. **Aðferðafræði.** Kjartan lýsti vinnu sem fram hefur farið varðandi aðferðafræði hópsins, Kynnti minnisblað sitt („samskipti“ - word-skjal) og vinnuþlagg frá Hjalta (útreikningar tölugilda - excel-tafla). (Sjá afrit með fundargerð á vinnusvæði hópsins.)

Fram koma að megin forsenda aðferðafræðinnar er að frekari beislun orkulinda leiði til „aukinna möguleika“ og þar með jákvæðrar þróunar. Staða einstakra landshluta kemur fram sem tölugildi í BH-dálki í excel-töflu Hjalta (því hærra tala, því meiri möguleikar). Hjalti lagði til að áhrifaþáttum verði fækkað því sýnt er að „vinnumarkaður“ og „efnahagur“ skipta mestu máli (tafla bls. 5 á minnisblaði). Voru aðrir fundarmenn sammála þessu.

Daði mun vinna greiningu á „efnahagslegum“ áhrifum sem byggir á aðferð sem áður hefur verið kynnt.

Þessi tvö sjónarhorn, „samskipti“ og „efnahagsleg áhrif“, verða síðan samtvinnuð og gefa forgangsroð hópsins.

Rifjað var upp eitt markmið hópsins: Að meta áhrif á aðra atvinnustarfsemi í einstökum landshlutum. Skoðun hópsins er að sá hluti sé afgreiddur í faghópum I og II en hér væri helst að líta til ferðaþjónustunnar (faghópur II). Faghópur III horfir fyrst og fremst til langtíma áhrifa virkjana, þ.e. rekstartíma þeirra. Raunar sé ómögulegt að spá langt fram í tímann því megin máli skiptir til hvers orkan verði notuð; hvers konar starfsemi mun hún þjóna? Bent skal á að matið líti ekki til afleiddra starfa sem örugglega munu fylgja annarri atvinnuuppbyggingu. Má þar minna á sérhæfingu af ýmsu tagi.

3. **Næsti fundur.** Dagsetning næsta fundar er óákveðin en norðanmenn munu hittast óformlega og einnig munu Kjartan ræða við Daða. Næsti fundur verður boðaður síðar.

